

## REGLUR

### um afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta, þrátt fyrir sjúkrahúsvist skv. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

#### 1. gr.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.

#### 2. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar samráðsnefnd innan stofnunarinnar sem afgreiðir umsóknir um framlengingu bóta.

#### 3. gr.

Ekki skal veita framlengingu ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda nemur lægri fjárhæð en mánaðarlegum nettótekjum hans eftir að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa fallið niður.

#### 4. gr.

Ef tekjur umsækjanda eru hærri en sem nemur óskertum grunnlífeyri og tekjutryggingu einhleypings, skal ekki veita framlengingu. Sé umsækjandi í hjónabandi eða skráðri sambúð er heimilt að veita framlengingu ef sameiginlegar tekjur umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila eru ekki hærri en sem nemur tvöföldum grunnlífeyri og tekjutryggingu á mánuði.

#### 5. gr.

Framlengingu skal ekki veita ef umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans á eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

#### 6. gr.

Ákvæði 3. - 5. gr. skulu höfð til viðmiðunar við afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta þrátt fyrir sjúkrahúsvist. Einnig skal tekið tillit til allra aðstæðna umsækjanda, félagslegra sem efnahagslegra, sem áhrif geta haft við mat á því hvort samþykkja skuli umsókn eða henni synjað.

#### 7. gr.

Ákvörðun um framlengingu greiðslna getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um það sérstaklega.

#### 8. gr.

Lífeyrisþegi, sem þegar hefur fengið framlengingu greiðslna í samtals sex mánuði, á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnum tveimur árum frá samþykkt síðustu framlengingar.

## 9. gr.

Nýti lífeyrisþegi ekki til fullnustu framlengingartíma greiðslna, t.d. vegna útskriftar, fellur sá tími sem eftir er niður einu ári eftir að framlenging var veitt.

## 10. gr.

Sækja skal um framlengingu á eyðublöðum sem liggja frammi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í umsókn skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum legutíma, fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum umsækjanda ásamt öðrum þeim atriðum sem máli geta skipt varðandi afgreiðslu umsóknar.

## 11. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og taka þegar gildi.

*Tryggingastofnun ríkisins, 15. október 1999.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*

## REGLUGERÐ

### um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

#### I. KAFLI

##### Prófnefnd.

##### 1. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/1998 verður umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður að standast prófraun til þess að öðlast þau réttindi.

Þriggja manna prófnefnd annast prófraunina. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/1998.

##### 2. gr.

Formaður prófnefndar stýrir nefndarfundum og kemur fram fyrir hönd nefndarinnar út á við.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

#### II. KAFLI

##### Námskeið.

##### 3. gr.

Prófnefnd skipuleggur og stendur fyrir námskeiðum til undirbúnings prófraun.

Námskeið skulu að jafnaði haldin á hverju ári og skal auglýsa þau með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Ef færri en tíu hafa skráð sig til þátttöku á námskeiði innan tilskilins skráningarfrests er heimilt að fella námskeiðið niður. Þó skal efnt til námskeiðs ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Námskeið skulu haldin í Reykjavík eða nágrenni. Að auki er prófnefnd heimilt að efna til námskeiðs annars staðar á landinu ef næg þátttaka fæst.